

Ríkisaðili	Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi	Ráðuneyti	Barna- og menntamálaráðuneyti
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður Steinunn Inga Óttarsdóttir		
A	Kjarnastarfsemi		
	<p>Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi er rótgróinn áfangaskóli (st. 1977) sem starfar skv. þremur gildum: jafnrétti, virðingu og fjölbreytileika. Í boði er bæði bók- og verknám í stað- og dreifnámi. Þriggja ára stúdentsbrautir: félagsfræðabraut, náttúrufræðabraut og opin stúdentsbraut sem skiptist í íþrótt- og heilsusvið, opið svið, alþjóðasvið, viðskipta- og hagfræðisvið, afreksíþróttasvið í samstarfi við ÍA og Akraneskaupstað og lista- og nýsköpunarsvið. Iðn- og verknámsbrautir í vélvirkjun, rafvirkjun og húsasmíði. Einnig framhaldsskólabraut, starfsbraut og viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfs- og listnám; auk þess öflugt dreifnám fyrir eldri nemendur í húsasmíði og sjúkraliðabraut. Gert er ráð fyrir að ársnemendur skólans verði áfram 490 á árinu 2024.</p> <p>Sl. þrjú ár höfum við fjölgað nemendum í iðnnámi, einkum í rafvirkjun og húsasmíði. Lokið er við að endurskoða innihald námsbrautar í rafvirkjun og stytta námið til samræmis við aðra skóla (úr 7 önnum í 6). Á haustönn 2023 er í fyrsta skipti boðið upp á áfanga í rafíþróttum en FVA sigraði framhaldsskólakeppni í rafíþróttum, FRÍS, sl vor. Á vorönn 2024 verður boðið upp á dreifnám í meistarakóla eftir nokkurt hlé. Við skólann er starfrækt heimavist með pláss fyrir 60 nemendur (þar eru núna 35) og mótuneyti fyrir nemendur og starfsfólk.</p> <p>Sérstaða FVA meðal framhaldsskóla hér á landi felst m.a. í breiðu námsframboði, sterkum tengslum við samfélag, skóla og atvinnulíf, bæði á svæðinu, á landsvísu og utanlands, notalegu andrúmslofti og persónulegri þjónustu við nemendur auk öflugs afreksíþróttasviðs í samstarfi við Akraneskaupstað og íþróttafélögin á svæðinu.</p> <p>Á vorönn 2023 var unnið að samskiptasáttmála FVA og haldnar vinnustofur um hann með nemendum og starfsfólki skólans. Þar var unnið með hegðun sem við erum sammála um að sé æskileg fyrir góð samskipti sem ásamt gildunum okkar styðja við stefnu skólans og EKKO forvarnaráætlunaoð betra s þannig að betra skólaumhverfi og vinnustað.</p>		

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024–2026

Starfshlutfall í stoðþjónustu skólans hefur enn verið aukið (úr 1,5 í tvö stöðugildi) og nemendaþjónusta efl. Sálfræðingur fékkst að auki til starfa við skólann eftir ítrekaðar tilraunir og hóf störf í vor í 75%. Samanstendur stoðteymi nú af námsráðgjöfum, geðhjúkrunarfræðingi og sálfræðingi (2,75 stöðugildi). Þá hefur nemendum fjölgað verulega á starfsbraut og voru í vor ráðnir tveir stuðningsfulltrúar til viðbótar við þá sem fyrir eru, auk þroskaþjálfara og starfshlutfall deildarstjóra starfsbrautar var aukið. Öflugt farsældarteymi er við skólann og nú eru 18 einstaklingar með samþætta þjónustu hjá okkur.

Á vorönn 2023 hófst vinna við stefnumótun fyrir skólann. Haldnir voru vinnufundir með starfsfólki og nemendum 25. janúar 2023, 9. mars og á starfsdögum í maí til að móta framtíðarsýn og hlutverk og greina lykilárangursþætti í samvinnu við DecideAct. Framtíðarsýn FVA til næstu ára var mótuð á vinnufundum starfsfólks og hópfundi nemenda 2023 og hljóðar svo:

Eftirsóknarvert náms- og starfsumhverfi sem einkennist af framsæknum kennsluháttum, jákvæðum skólabrag, gagnkvæmri virðingu og jafnrétti.

Til að raungera framtíðarsýnina og uppfylla lögbundið hlutverk ætlum við að:

Bjóða fjölbreyttar námsleiðir sem efla færni, ábyrgð og þrautseigju nemenda og gera þeim kleift að nýta hæfileika sína til fulls.

Um þessar mundir erum við að vinna að umbótaverkefnum og mælikvörðum innan hverrar deildar í anda framtíðarsýnarinnar.

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A1	Bæta skólasókn og virkni í skólalífi hjá nemendum af erlendum uppruna (Venesúela) og á flóttu frá Úkraínu.	4 10	Fjöldi lokinna eininga	INNA	2022-2023		
			Viðmið 30 ein.		32,2	35	40
			Hlutfall nemenda sem ná viðmiðum	INNA	40%	50%	55%
	Skólasóknareinkunn		INNA	5,3	5,5	6	

**Stefnumiðað áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024–2026

Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun) ATH Samhæfð þjónusta fyrir viðkvæma hópa og stuðningur við nemendur af erlendum uppruna</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A1.1	Styðja enn frekar við Mentor-kerfið sem er hluti af móttökuáætlun FVA					2021	2025
A1.2	Efla tengsl við foreldra, með fundum og fréttum á pólsku og ensku					2022	2025
A1.3	Auka stuðning almennt við skólasókn og virkni (tveir kennarar með ÍSAN)					2022	2025
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2023	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A2	Styðja við nemendur sem koma með D í stærðfræði og íslensku á grunnskólaprófi (framhaldsskólabraut) 23 nem með D haustið 2019	4	Loknar einingar á skólaári	INNA	H22 og V23 árg. 2006 34,7	36	38
			Skráning í frekara nám (er í námi á 3. önn)	INNA	71%	80%	85%
			Fjöldi sem útskrifast úr námi	INNA	13%	50%	60%
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun) Samhæfð þjónusta fyrir viðkvæma hópa</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Aukaundirbúningsáfangi í stærðfræði og ÍSAN (tveir kennarar, haust og vor)					2023	2025

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024–2026

A2.2	Breiðara námsframboð á framhaldsskólabraut (sálfræði daglegs lífs, námstækni með tengingu við atvinnulíf (Módelið), tveir kennarar H og V				2023	2025	
A2.3	Auka stuðning inni í hópum eftir þörfum (20-30% verkefni)				2022	2025	
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2023	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A3	Fjölga útskrifuðum í iðn- og starfsnámi, styðja við hópa í brotthvarfshættu	4	Brotthvarf úr vélvirkjun	INNA	25%	15%	10%
			Brotthvarf af sjúkraliðabraut, dreifnámi, byrjuðu H21	INNA	33%	15%	10%
			Brotthvarf úr húsasmíði, dagskóla, byrjuðu H21	INNA	27%	15%	10%
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun ATH Fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A3.1	Skapa jákvætt og hvetjandi námsumhverfi skv. stefnu skólans (stefnumótun, húsgögn, tækjakostur, vettvangsferðir ofl). Framfylgja úrbótaáætlun í vélvirkjun.				2023	2026	
A3.2	Aðlaga kennslufyrirkomulag í dreifnámi á sjúkraliðabraut betur að þörfum nemenda				2023	2025	
A3.3	Auka stuðning við erlenda nemendur (sjá A2.3)				2022	2025	

B	Rekstrarþættir					
	<p><i>Stutt umfjöllun sem m.a. tekur til helstu áherslna og áætlaðrar þróunar í innri starfsemi aðila s.s. stjórnskipulags, fjármála, mannauðsmála, jafnréttismála, umhverfismála og upplýsingatækni. Einnig skal fjalla um mat á gæðum í starfsemi og þjónustu, starfshætti og stöðugar umbætur.</i></p> <p>Stjórnendateymi skólans skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og mannauðs- og gæðastjóri. Svo vill til að í stjórnendateyminu eru eingöngu konur.</p> <p>FVA bætti við sig stigum í könnun SFR um stofnun ársins, frá árinu 2020 höfum við stökkið upp í 3,98 og síðast í 4,21 og stefnum á 4.25. Gagnkvæmt traust og góður starfsandi hafa skapast á ný í skólanum. Stofnanasamningur FVA hefur nú verið endurnýjaður í þriðja sinn á þremur árum (hafði ekki verið endurnýjaður í amk 5 ár þar áður). Að þessu sinni var bætt í tímabundin verkefni, girðingar felldar brott, mat á starfsreynslu verknámskennara skilgreind og starfsaldurshækkun sett inn (6 ár). Markmið um að bæta ímynd skólans hefur náðst, m.a. með stöðugri upplýsingagjöf og jákvæðum fréttum á samfélagsmiðlum og í héraðsblöðum.</p> <p>Skólinn leggur áherslu á stöðugar umbætur. Skýrslur um innra mat eru á vef skólans. Allar stefnur skólans sömuleiðis. Vinna við gerð gæðahandbókar er mjög langt komin. FVA er með jafnlaunavottun 2022 og ný úttekt framundan. Markvisst er unnið að bættri gagnavörslu í starfseminni. Fimmta Græna skrefið í ríkisrekstri mun klárast fyrir áramót.</p> <p>Fjöldi starfsmanna að hausti 2023:</p> <p>72 í 63,4% stöðugildum. Þar af eru 38 kennarar í 35,4 stöðugildum, 7 leiðbeinendur í 6,7 stöðugildum, 2 eru í námsleyfi og eru ekki með í heildartölu starfsmanna.</p> <p>Aðrir starfsmenn eru 27 sem inna af hendi 21,3 full störf.</p>					
	Markmið, mælikvarðar og aðgerðir					
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2023	Viðmið 2024	Viðmið 2026

**Stefnumiðað áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024–2026

B1	Efla mannauð og ímynd FVA, móta framtíðarsýn og hlutverk og skilgreina mælikvarða	Staða FVA í stofnun ársins	Stofnun ársins	4,21	4,25	4,3
		Skilgreindir mælikvarðar	Stefna skólans	0	100%	100%
		Samkeppnishæf laun, dagvinnulaun samanborið við KÍ	KÍ launamyndir – meðaltals. Dv.laun	+1,2%	+2%	+2,5%
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Hlúa að starfsfólki, m.a. með bættum aðbúnaði, innleiða heilsueflandi vinnustað og efla félagslíf				2020	2025
B1.2	Setja skólanum stefnu og skilgreint hlutverk, mæla árangurinn (vinna framundan við þetta)				2023	2026
B1.3	Endurnýja stofnanasamning við KÍ og Sameyki				2023	2023
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
B2	Bæta stafræna þjónustu, gagnavörslu og gagnaskil	Proski skjalavistunarkerfis skv. mælingum Þjóðskjalasafns	GoPro	1 þroskastig	1 þroskastig	1 þroskastig
		Innleiða beiðnakerfi hjá umsjónarmanni fasteigna, tölvuþjónustu og skrifstofu	Menntaský	0%	100%	100%
		Rafræn atvikaskráning	Menntaský	50%	100%	100%
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Skjalavistunaráætlun, endurnýja málalykil (lokið 2023), vista alla tölvupósta er lúta að málum í málaskrá				2021	2025

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024–2026

B2.2	Smíða beiðnakerfi í gæðahandbók				2023	2025
B2.3	Smíða atvikaskráningu yfir í gæðahandbók				2023	2025
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2023	Viðmið 2024	Viðmið 2026
B3	Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í rekstri	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri	Staðfesting frá GS	Fjórða skref	Fimmta skref	0
		Fjöldi samgöngusamninga	Fjöldi starfsmanna með samning	19	28	35
		Notkun hleðslustöðvar FVA	Magntölur, Megavattstundir	32.486 kWh	34.091 kWh	35.001 kWh
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Klára Grænu skrefin (fjórða skrefi lokið í nóvember 2022)				2020	2024
B3.2	Hvetja starfsfólk til að gera samgöngusamning				2021	2025
B3.3	Flokka og losa lífrænan úrgang (2024 hjá Akraneskaupstað)				2023	2025

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (e. *outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (e. *input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í víðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.